



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

27. febrúar 2021

Kæru Mývetningar nær og fjær! Vetrarhátíð framundan og gönguskíðaspor víða um sveitina. Nú er um að gera að drífa sig út og nýta snjóinn áður en hlákan og vorið taka öll völd!

Hótel og veitingastaðir opna að nýju

Þó landið rísi ekki með eiginlegum hætti í Mývatnssveitinni þessa dagana, líkt og á suðvesturhorni landsins, má segja að það sú sé staðan í atvinnumálum Mývatnssveitar. Þó vissulega sé atvinnuleysi enn hátt boðar opnun veitingastaða og gististaða bjartari tíma með hækkandi sól. Vogafjós býður upp á mat úr héraði, kótilettur Jarðbaðanna svíkja engan og gististaðir sem eru í rekstri heimamanna hafa margir hverjir opnað fyrir gistingu, sem sannarlega gefur tækifæri til að sjá norðurljósin í allri sinni dýrð.



Breytingar í Reykjahlíðarskóla

Sólveig Jónsdóttir, skólastjóri Reykjahlíðarskóla, hefur ákveðið að láta af störfum skjólastjóra í vor. Sólveig á langan og farsælan feril að baki í starfi hjá Reykjahlíðarskóla. Hún tók við stöðu skólastjóra árið 2005 en hafði þar áður starfað sem kennari við skólann frá árinu 1983. Þó að Sólveig hafi ákveðið að stíga til hliðar sem skólastjóri til að geta átt meiri frítíma, munum við áfram geta notið krafta hennar fyrir samfélagið, en á öðrum vettvangi, sem betur verður fjallað um síðar hér í pistlaskrifum.

Staða skólastjóra Reykjahlíðarskóla verður auglýst fljótlega.

Tilraunaverkefni í meðferð á lífrænum úrgangi (auðlindum)

Skútustaðahreppur leggur á ráðin um átak í meðferð á lífrænum auðlindum (stundum kallaður lífrænn úrgangur), en lífrænar auðlindir eru gjarnan um helmingur af sorpi. Ýmiskonar undirbúningsvinna hefur verið í gangi og eftir fundahöld með þjónustuaðila sveitarfélagsins í sorpmálum, Terra, gerum við ráð fyrir að hefja tilraunaverkefni á næstu vikum.



Í þessu samhengi skal því til haga haldið að Reykjahlíðarskóli hefur í allnokkurn tíma meðhöndlað lífrænar auðlindir sem falla til í matarafgöngum og er m.a. nýtt til þess moltutunna sem sjá má á myndinni, ásamt Bárði og Söru. Nemendur sem eru í grænfánanefndinni (4 nemendur) sjá um að snúa tromlunni tvisvar sinnum í viku og færa (moka) á milli hólfa og í geymslutunnu þegar þess þarf. Arnheiður Almarsdóttir er umsjónarmaður þessa verkefnis.

Umhverfisfulltrúi – helstu verkefni í gangi

Daði Lange er kominn á fullt í starf umhverfisfulltrúa. Um að gera að heyra í honum ef sést til minka, sem allnokkuð virðist vera af. Daði leggur m.a. áherslu á meðferð lífrænna auðlinda og samstarf við Landgræðsluna í þeim efnum, auk vargeyðingar. Á myndinni hér til hliðar má sjá Daða, ásamt Arnprúði Dagsdóttur, formanni umhverfisnefndar.

Dadi@skutustadahreppur.is - 894 4215



Hringrásarhagkerfið: Hótel Gígur 9. mars

Framkvæmdir eru framundan í Hótel Gíg (Skútustaðaskóla). Í anda umhverfisstefnu sveitarfélagsins var samið við fyrri eigendur um að endurnýta húsbúnað eins og mögulegt er og verða m.a. dýnur úr hótelinu nýttar í klifuraðstöðu. Sveitungum er boðið á opið hús endurnýtingar 9. mars, sem verður betur auglýst síðar. Með þessu viljum við stuðla að enn frekari uppbyggingu hringrásarhagkerfis Skútustaðahrepps.

Greining orkukosta

Guðjón Vésteinsson hefur hafið vinnu við greiningu orkukosta á köldum svæðum Skútustaðahrepps, en verkefnið er tengt viðspyrnuaðgerðum ríkisstjórnarinnar og hefur að markmiði jöfnun húshitunarkostnaðar íbúa sveitarfélagsins og aukin tækifæri til nýsköpunar. Allar hugmyndir og ábendingar eru vel þegnar og vil ég hvetja alla til að hafa samband: gudjon@skutustadahreppur.is

Vetrarhátíð framundan

Það er glæsileg dagskrá á Vetrarhátíð (www.vetrarhatid.com), sem er í umsjón Mývatnsstofu (www.visitmyvatn.is). Meðal

áhugaverðra viðburða er dorgveiðikynning á vegum Veiðifélags Mývatns, en í fyrra mættu á annað hundrað manns til að kynna sér þessa sérstöku menningu. Snjókrosskeppni, gönguskíðabrautir og skíðasvæðið í Kröflu eru meðal annarra viðburða sem ég hvet alla til að kynna sér vel.



Málstofa Þekkingarnets Þingeyinga

Þekkingarnet Þingeyinga stóð fyrir afar áhugaverðu málþingi sl. fimmtudag, þar sem Hildur Ásta Þórhallsdóttir ræddi Náttúruvernd í norðri og Valgerður Þorsteinsdóttir setti Jakobínu Sigurðardóttur á réttan stað, svo vísað sé til nafngiftar erindanna. Þær voru sammála um tækifærin sem felast í samþættingu náttúruverndar og menningar, eins og sjá má í [myndbandsupptöku](#) af viðburðinum.



Atvinnu- og nýsköpunarstefna

Mótun aðgerða í tengslum við atvinnu- og nýsköpunarstefnu er framunda. Eins og áður hefur verið fjallað um á þessum vettvangi voru skilgreind markmið stefnunnar eftirfarandi:

1. *Hamingjusamt, heilsueflandi samfélag: Húsnæði og þjónusta er fyrir hendi í sveitarfélaginu sem hentar öllum*
2. *Dreifum eggjunum: Stuðlum að fjölbreyttu atvinnulífi*
3. *Bætum sólarhringinn: Fækkum hindrunum til aukinnar verðmætasköpunar og nýtum tíma íbúa betur*
4. *Allir velkomnir: Fjöldi íbúa verði 600 árið 2025*
5. *Í hæstu hæðum: Gerum kosti þess að búa í Mývatnssveit ljósa*
6. *Verum græn - allir græða: Vinnum í umhverfisvænum lausnum*

Ég vil hvetja alla sem hafa góðar hugmyndir að aðgerðum í átt að þessum markmiðum til að hafa samband við mig eða formann Atvinnu- og framkvæmdanefndar: Anton@skutustadahreppur.is

Fjölmenningarfulltrúi tekinn til starfa

Skútustaðahreppur á í góðu samstarfi við Þingeyjarsveit og Norðurþing á vettvangi fjölmenningar. Sigrún Aðalgeirsdóttir, fjölmenningarfulltrúi, er komin til baka úr fæðingarorlofi og kynnti m.a. helstu áherslur fyrir sveitarstjórn á 55. fundi hennar.



Það býr mikill mannaúður í fjölmenningsamfélagi og mikilvægt að við getum öll tengst og átt í góðum samskiptum. Íslenskunámskeið Þekkingarnets Þingeyinga hafa gengið vel og um að gera að vera óhrædd að hjálpa Mývetningum af erlendu bergi brotnum að þjálfra málakunnáttuna. Eins og Sigrún fjölmenningsfulltrúi kom inn á getum verið góð hugmynd að spyrja þegar við rekumst hvert á annað: „Viltu að ég tali Íslensku eða ensku“? Á heimasíðu sveitarfélagsins er boðið upp á að velja tungumál með notkun á Google þýðingarvélinni, en ekkert kemur í staðinn fyrir gott spjall þegar við hittumst á förnum vegi!

Fjölmenningsstefnu Skútustaðahrepps má finna [hér](#), en hún verður yfirfarin á næstu vikum, nú þegar Sigrún er komin á fullt!

Skráning á bókakosti í Gegni

Tiarnan Smári Ragnarsson er að komast á lokametrana við skráningu á bókakosti bókasafnsins í Gegni. Því fylgja ýmsir möguleikar að geta flett upp bókakostinum sem geymir margt úr einstakri sögu Mývatnssveitar. Endilega komið ykkur í grúskgírinn!

Árbók Þingeyinga

Hið merka rit *Árbók Þingeyinga* sem hefur komið út óslitið síðan 1958 hefur meðal annars efnis alltaf flutt það sem heitir *Fréttir úr héraði*. Þar er talið fram það helsta sem gerst hefur markvert í hverju sveitarfélagi á liðnu ári. Birkir Fanndal hefur séð um þennan þátt fyrir Skútustaðahrepp með mikilli þrýði á þriðja áratug en hefur nú látið af störfum eftir farsælan feril skrásetningar. Ef þú ert lipur penni og hefur áhuga á að koma að skemmtilegri annálaritun, þá endilega hafðu samband: sveinn@skutustadahreppur.is eða í síma 680 6666.

Hamingjukönnun framundan

Hamingjukönnun Skútustaðahrepps er framundan. Könnunin er mjög mikilvæg fyrir stefnumörkun sveitarfélagsins og vil ég hvetja alla til að taka þátt þegar eftir því verður leitað. Þekkingarnet Þingeyinga sér um framkvæmd könnunarinnar.

HRÓS DAGSINS...

Fá Soffía og Úlla á Mývatnssstofu fyrir undirbúning vetrarhátíðar. Njótum Íslands saman!



Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri